

UMHVERFISSTEFNA MOSFELLSBÆJAR

2018-2030

INNGANGUR

Mosfellsbær er um 11.000 manna bæjarfélag sem vaxið hefur ört undanfarin ár. Íbúafjöldun er ein sú mesta á landinu, enda virðist eftirsóknarvert að búa í grænum bæ með ríka tengingu við náttúru og útivist, og þá blöndu borgarsamfélags og sveitar sem þar er að finna.

Bærinn er í útjaðri höfuðborgarsvæðisins og er um 220 ferkílómetrar að stærð, og státar af víðáttumiklum náttúrulegum svæðum með fell, heiðar, vötn og strandlengju.

TILGANGUR

Umhverfisnefnd Mosfellsbæjar ákvað í árslok 2017 að setja fram metnaðarfulla stefnu um hvernig Mosfellsbær skuli þróast á sjálfbæran og framsækinn hátt á næstu árum og áratugum. Markmiðið er að í Mosfellsbæ byggist upp til framtíðar enn sterkara og heilbrigðara samfélag öllum til heilla. Lögð er áhersla á sérstöðu og sjálfstæði bæjarfélagsins en einnig á stöðu bæjarins og hlutverk í samfelldri byggð höfuðborgarsvæðisins.

Lögð er áhersla á að heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna endurspeglit í umhverfisstefnu bæjarins.

Tilgangurinn með umhverfisstefnu er margþættur, m.a.:

- auka umhverfisvitund íbúa
- stuðla að heilsusamlegra samfélagi
- auka lífsgæði íbúa
- tryggja hreina og óspillta náttúru
- hvetja til aukinnar útivistar
- hafa sjálfbæra þróun að leiðarljósi í starfsemi bæjarins

VINNA AÐ SJÁLFBÆRNI

Mosfellsbær er annt um umhverfi sitt og hefur unnið öturlega að sjálfbærnimarkmiðum á undanförunum árum.

Haustið 1998 ákvað bæjarstjórn Mosfellsbæjar að vinna að framkvæmdaáætlun um sjálfbæra þróun, Staðardagskrá 21.

Í janúar 2001 samþykkti bæjarstjórn síðan framkvæmdaáætlun fyrir Staðardagskrá 21 í Mosfellsbæ, ásamt því að undirrita svokallaða Ólafsvíkuryfirlýsingu og hafa þar með sjálfbæra þróun að leiðarljósi við ákvarðanatöku sína.

Mosfellsbær hlaut viðurkenningu fyrir útgáfu á Sólargeislanum, fréttabréfi um Staðardagskrá 21 í Mosfellsbæ og Staðardagskrárverðlaunin 2001.

Árið 2008 var ákveðið að ráðast í endurskoðun á Staðardagskrá 21 fyrir Mosfellsbæ. Skipuð var verkefnastjórn til að sjá um endurskoðunina. Í þeirri vinnu var haft virkt samráð við íbúa, m.a. boðað til íbúapings um sjálfbæra þróun þar sem kallað var eftir áherslum íbúa í málaflokknum.

Stefnumótun Mosfellsbæjar um sjálfbært samfélag til 2020 var lögð fram í ágúst 2009. Stefnan var kynnt vel fyrir íbúum, höfð aðgengileg á heimasíðu bæjarins og bæklingum með stefnunni borinn út í hvert heimili í bænum.

Í framhaldi að stefnumótuninni var sett fram framkvæmdaáætlun Staðardagskrár 21, þar sem fram kom listi yfir fjölda verkefna er snúa að sjálfbærri þróun, sem horfa skyldi til í vinnu að sjálfbærni til engri tíma, í samræmi við áherslur stefnumótunarinnar.

Árlega var síðan gerður verkefnalisti í samráði við allar nefndir bæjarins, sem svið og stofnanir bæjarins gerðu að sínum og var yfirfarinn í lok árs til að hægt væri að meta árangur.

Það má því segja að Mosfellsbær hafi haft virka stefnu um sjálfbæra þróun, ásamt framkvæmdaáætlun til lengri tíma og árlegan tímasettan verkefnalista sem bænum var falið að vinna eftir.

Mosfellsbær hefur einnig tekið þátt í ýmsum verkefnum um sjálfbærni. Þar má nefna þátttöku í norrænu samstarfsverkefni um sjálfbærni og uppbyggingu betri miðbæja, og íbúalýðræði, sem hófst haustið 2017 og stendur til 2019.

Mosfellsbær ákvað í lok árs 2017 að hefja vinnu við endurskoðun á nýrri umhverfisstefnu fyrir Mosfellsbæ. Lögð var áhersla á að umhverfisstefnan yrði unnin í góðu samráði við íbúa Mosfellsbæjar og endurspeglaði þau markmið um sjálfbæra þróun sem kæmu fram í heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna. Vinna við nýja umhverfisstefnu hófst í ársbyrjun 2018 undir leiðsögn umhverfisnefndar í samstarfi við umhverfissvið Mosfellsbæjar.

Í þeirri vinnu var boðað til opins íbúafundar um umhverfismál í mars 2018 þar sem kallað var eftir áherslum íbúa varðandi umhverfismál og sjálfbærni í Mosfellsbæ. Sú vinna fór fram í vinnustofu undir handleiðslu ráðgjafa frá KPMG og tókst vel, og margar góðar hugmyndir komu þar fram. Unnið var með eftirfarandi áhersluflokka og fengu fundargestir það verkefni að setja fram sínar hugmyndir að markmiðum, mikilvægustu aðgerðum til að ná þeim markmiðum og hvað íbúar sjálfir gætu gert til að hrinda þeim markmiðum í framkvæmd:

- Skógrækt og landgræðsla
- Vatnsvernd og náttúruvernd
- Umhverfisfræðsla
- Útivist og lýðheilsa
- Mengun, hljóðvist, loftgæði og samgöngur
- Endurvinnsla, neysla og græn innkaupóða
- Aðrir áherslupættir

Reynt er að taka tilliti til þeirra áherslna sem fram komu á opna íbúafundinum við gerð umhverfisstefnunnar.

HEIMSMARKMIÐ SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA

Við gerð umhverfisstefnu Mosfellsbæjar voru höfð til hliðsjónarheimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun og þau verkefni sem falla undir þau. Í hverjum kafla er gerð sérstaklega grein fyrir því hvaða kafla heimsmarkmiðana er sérstaklega horft til.

Sérstaklega er horft til 11 kafla heimsmarkmiðana sem snúa að sjálfbærni sveitarfélaga, skipulagi þeirra og uppbyggingu, en einnig koma margir fleiri kaflar markmiðanna við sögu.



STEFNUR

Endurskoðun á umhverfisstefnu Mosfellsbæjar tengist beint þeirri stefnumótun sem fram fór hjá Mosfellsbæ árið 2008. Að þeirri vinnu komu starfsmenn Mosfellsbæjar, kjörnir fulltrúar og íbúar sveitarfélagsins og var í stefnumótunarskýrslu sem lögð var fram í lok stefnumótunar sett fram eftirfarandi framtíðarsýn:

- *Mosfellsbær er eftirsótt bæjarfélag til búsetu þar sem fjölskyldan er í fyrirrúmi.*
- *Mosfellsbær er framsækið samfélag þar sem ábyrgðarkennd ríkir gagnvart náttúru og umhverfi auk þess sem hagkvæmni í rekstri og samfélagsleg ábyrgð eru ávallt höfð að leiðarljósi.*
- *Stjórnsýsla og þjónusta Mosfellsbæjar er skilvirk, ábyrg, vönduð og í fremstu röð á Íslandi.*
- *Mosfellsbær er eftirsóknarverður vinnustaður hæfra einstaklinga þar sem áhersla er lögð á persónulega og nútímalega þjónustu.*

Í stefnumótuninni voru skilgreind gildi Mosfellsbæjar, sem eiga að vera leiðarljós í allri starfsemi sveitarfélagsins. Þau eru **jákvæðni, virðing, umhyggja og framsækni.**

Hlutverk Mosfellsbæjar sem sveitarfélags var skilgreint á eftirfarandi máta:

“Mosfellsbær er framsækið sveitarfélag sem ræktar vilja og virðingu”.

UPPBYGGING UMHVERFISSTEFNU

Umhverfisstefna Mosfellsbæjar er nokkurs konar regnhlíf yfir hinum ýmsu stefnum bæjarfélagsins sem snúa að umhverfismálum og sjálfbærni. Málaflokkarnir eru eftirfarandi.

1. Umhverfisfræðsla/umhverfismennt
2. Skógræktarstefna
3. Landgræðslustefna
4. Samgöngustefna
5. Útivist og lýðheilsa
6. Vatnsvernd
7. Mengun, hljóðvist og loftgæði
8. Neysla og úrgangur
9. Græn innkaup
10. Náttúruvernd

Þar eru sett fram markmið í hinum ýmsu málaflokkum og tilgreindar þær leiðir eða verkefni sem stuðla geti að því að þeim markmiðum verði náð.

SÝN / YFIRMARKMIÐ

Mosfellsbær vill vera í fremstu röð sveitarfélaga hvar varðar sjálfbæra þróun, og mun því leitast við að vera framsækið, umhverfisvænt og nútímalegt bæjarfélag sem býður upp á fjölbreytileika.

1. UMHVERFISFRÆÐSLA / UMHVERFISMENNT

Almennt um málaflokkinn/yfirmarkmið/leiðarljós

Mosfellsbær vill auka umhverfisvitund bæjarbúa um hvernig hægt sé að auka lífsgæði sín og stuðla að óspilltri náttúru með því að umgangast umhverfi og náttúru af þekkingu og virðingu.

Markmið

- Fræðsla um umhverfið verði augin til íbúa.

Leiðir að markmiðum/Verkefni

- Fræðsluefni um náttúru Mosfellsbæjar gert aðgengilegt á heimasíðu bæjarins og/eða bæklingi
- Boðið verði uppá fræðslufundi í samráði við fagsamtök í bænum, eins og SkógMos og Mosverja
- Fyrirtæki verði hvött til að setja sér stefnu í umhverfismálum.

Markmið

- Lögð verði áhersla á útikennslu í skólum Mosfellsbæjar

Leiðir að markmiðum/Verkefni

- Mosfellsbær stuðli að uppsetningu útikennslusvæða í nágrenni skólanna

Markmið

- Boðið verði uppá umhverfisfræðslu í vinnuskóla Mosfellsbæjar

Leiðir að markmiðum/Verkefni

- Útbúið verði kynningarefni um umhverfismál fyrir vinnuskólann.

Markmið

- Aðgengi verði aukið að umhverfi og náttúru í Mosfellsbæ

Leiðir að markmiðum/Verkefni

- Tryggt sé að upplýsingar um útivistarsvæði og friðlýst svæði séu aðgengilegar á heimasíðu bæjarins.



2. SKÓGRÆKT

Almennt um málaflokkinn/yfirmarkmið/leiðarljós

Mosfellsbær vill styðja við ábyrga skógrækt í Mosfellsbæ með skipulagðri útplöntun og opnun skógræktarsvæða til notkunar fyrir almenning.

Markmið

- Samstarf við Skógræktarfélag Mosfellsbæjar verði aukið.

Leiðir að markmiðum/Verkefni

- Haldnir verði sameiginlegir fræðslufundir Mosfellsbæjar og Skógræktarfélags Mosfellsbæjar um skógræktarmál.
- Samstarf Mosfellsbæjar og Skógræktarfélags Mosfellsbæjar verði haft um hin ýmsu verkefni.
- Sérstakur starfsmaður í garðyrkjudeild Mosfellsbæjar verði tengiliður við skógræktarfélagið og aðstoði við grisjun og viðhald skógarsvæða, að frumkvæði félagsins.

Markmið

- Skógrækt í Mosfellsbæ verði með ábyrgum og skipulögðum hætti.

Leiðir að markmiðum/Verkefni

- Upplýsingar um starf Skógræktarfélags Mosfellsbæjar verði kynnt fyrir umhverfisnefnd Mosfellsbæjar árlega, þar sem fram koma upplýsingar um starf félagsins á síðasta ári og áætlun um starf þess á nýju ári.

Markmið

- Skógur verði nýttur sem skjólgróður.

Leiðir að markmiðum/Verkefni

- Farið verði í samstarfsverkefni Mosfellsbæjar og Skógræktarfélags Mosfellsbæjar þar sem gróðri er skipulega plantað sem skjólgróðri á völdum svæðum í Mosfellsbæ.

Markmið

- Skógræktarsvæði verði opin almenningi til útvistar.

Leiðir að markmiðum/Verkefni

- Skógræktarfélag Mosfellsbæjar leggi aukna áherslu á grisjun skóga og stígagerð á skógræktarsvæðum í samstarfi við Mosfellsbæ.
- Farið verði í samstarfsverkefni Mosfellsbæjar og Skógræktarfélags Mosfellsbæjar um uppbyggingu skógræktarsvæða



3. LANDGRÆÐSLA

Almennt um málaflokkinn/yfirmarkmið/leiðarljós

Mosfellsbær vill stuðla að því að komið verði í veg fyrir skemmdir á landsvæðum og unnið að uppgræðslu örfoka mela.

Markmið

- Aukin áhersla verði sett á uppgræðslu örfoka lands og að draga úr jarðvegsrofi.

Leiðir að markmiðum/Verkefni

- Samstarf verði aukið við Langræðsluna um uppgræðslu lands.
- Stöðvað verði landbrot af völdum fallvatna.

Markmið

- Dregið verði úr ofbeit á grónu landi.

Leiðir að markmiðum/Verkefni

- Fram fari fagleg úttekt ástandi beitarhólfa og beitarlönda í Mosfellsbæ.

Markmið

- Stuðlað verði að verndun líffræðilegrar fjölbreytni og uppbyggingu vistkerfa.

Leiðir að markmiðum/Verkefni

- Stefnt verði að endurheimt mikilvægra vistkerfa eins og votlendis og birkiskógar þar sem þess er kostur.

Markmið

- Unnið verði að eyðingu ágengra plöntutegunda.

Leiðir að markmiðum/Verkefni

- Unnið verði skipulega að því að slá lúpínu og skógarkerfil í sveitarfélaginu til að hindra útbreiðslu á viðkvæmum svæðum, útivistarsvæðum og opnum svæðum í byggð.

Markmið

- Auka sjálfbæra landnýtingu innan sveitarfélagsins.

Leiðir að markmiðum/Verkefni

- Íbúar verði hvattir til þess að nýta land á sjálfbæran mál.
- Mosfellsbær bjóði íbúum uppá matjurtagarða til ræktunar á hagstæðu verði.



4. SAMGÖNGUR

Almennt um málaflokkinn/yfirmarkmið/leiðarljós

Mosfellsbær vill stuðla að vistvænum samgöngum og hvetja íbúa til að nýta sér almenningssamgöngur og göngu- og hjólreiðastíga í bænum.

Gera hjólreiðar að raunverulegum valkosti í samgöngum.

Markmið

- Aukin áhersla verði á visvænar samgöngur og að auka hlut almenningssamgangna í samgöngum

Leiðir að markmiðum/Verkefni

- Tekinn verði virkur þáttur í Evrópusku Samgönguvikunni í samstarfi við önnur sveitarfélög.
- Tryggt verði að öll hverfi í sveitarfélaginu hafi góðan aðgang að almenningssamgöngum.

Markmið

- Lögð verði áhersla á að tryggja gott göngu- og hjólastíganet í sveitarfélaginu

Leiðir að markmiðum/Verkefni

- Unnið verði að fjölgun göngu- og hjólreiðastíga, og viðhaldi núverandi stíga.

Markmið

- Lögð sé áhersla á umferðaröryggi

Leiðir að markmiðum/Verkefni

- Leitast verði við að aðskilja umferð hjólandi frá umferð gangandi með aðgreiningu stíga.
- Hugað verði að fjölgun gangbrauta eða undirganga við umferðaþunga vegi.



5. ÚTIVIST OG LÝÐHEILSA

Almennt um málaflokkinn/yfirmarkmið/leiðarljós

Mosfellsbær leggur áherslu á að allir íbúar í Mosfellsbæ hafi góðan aðgang að fallegri náttúru og góðum útivistarsvæðum.

Markmið

- Áfram verði stuðlað að útivist og heilsueflingu í sveitarfélaginu

Leiðir að markmiðum/Verkefni

- Áfram verði unnið að uppbyggingu útivistarsvæða í Mosfellsbæ og aðgengi þeirra tryggt.
- Upplýsingar um útivistarsvæði og náttúruperlur í Mosfellsbæ verði bættar og gerðar aðgengilegar almenningi.
- Reglulegt eftirlit fari fram með viðhaldi opinna leiksvæða í bænum.
- Mosfellsbær verði áfram þátttakandi í verkefninu Heilsueflandi samfélag

Markmið

- Aðgengi að ósnortinni náttúru verði tryggt.

Leiðir að markmiðum/Verkefni

- Haldið verði áfram að merkja gönguleiðir á völdum stöðum í bænum, s.s. með stikum, fræðsluskiltum eða stígagerð.
- Samstarf verði aukið með Reykjavíkurborg um viðhald og verndun Úlfarsfells sem útivistarsvæðis.



6. VATNSVERND

Almennt um málaflokkinn/yfirmarkmið/leiðarljós

Mosfellsbær vill að íbúar sínir geti gengið út frá því sem vísu að þeir hafi aðgang að hreinu vatni.

Markmið

- Aðgengi að hreinu vatni verði áfram tryggt.

Leiðir að markmiðum/Verkefni

- Virkt eftirlit verði haft með gæðum neysluvatns og mengunarmálum í vatnsbólum Mosfellsbæjar.
- Virkt eftirlit verði haft með ástandi og hreinsun rotþróa í Mosfellsbæ.

Markmið

- Komið verði í veg fyrir mengun í regnvatnsfráveitu.

Leiðir að markmiðum/Verkefni

- Brugðist verði strax við ábendingum og vísbendingum um hvers konar mengun í fráveitu.

Markmið

- Komið verði í veg fyrir mengun í ám og vötnum.

Leiðir að markmiðum/Verkefni

- Bæklingi, Verndum árnar okkar, verði gert aðgengilegt íbúum.



7. MENGUN, HLJÓÐVIST OG LOFTGÆÐI

Almennt um málaflokkinn/yfirmarkmið/leiðarljós

Mosfellsbær vill koma í veg fyrir hvers konar mengun í sveitarfélaginu, eins og kostur er, hvort sem er í lofti, á láði eða legi.

Markmið

- Reynt verði að draga úr neikvæðum áhrifum mengunar.

Leiðir að markmiðum/Verkefni

- Áfram fari fram gott samstarf við Heilbrigðiseftirlit Kjósarsvæðis vegna mengandi starfsemi.
- Brugðist verði skjótt við öllum ábendingum eða vísbendingum um mengun.

Markmið

- Lögð verði áhersla á öruggt og heilsusamleg loftgæði fyrir íbúa

Leiðir að markmiðum/Verkefni

- Mælingar fari fram á loftgæðum í Mosfellsbæ.
- Götur og stígar verði hreinsaðir af fokefnum þegar ástæða er til, t.d. vegna framkvæmda.

Markmið

- Dregið sé úr mengun frá bílaumferð

Leiðir að markmiðum/Verkefni

- Almennigur verði hvattur til að draga úr notkun nagladekkja eins og kostur er.

Markmið

- Dregið verði úr áhrifum umferðarhávaða á byggð.

Leiðir að markmiðum/Verkefni

- Fram fari hljóðvistarmælingar við helstu stofnæðar í sveitarfélaginu.



8. ÚRGANGSMÁL / NEYSLA OG ÚRGANGUR

Almennt um málaflokkinn/yfirmarkmið/leiðarljós

Mosfellsbæ vill tryggja hreint og fallett sveitarfélag og stuðla að aukinni endurvinnslu.

Markmið

- Stefnt sé að aukinni endurvinnslu og endurnýtingu á heimilissorpi.

Leiðir að markmiðum/Verkefni

- Upplýsingar um grenndarstöðvar, gámastöð Sorpu og aðrar flokkunarleiðir verði aðgengilegar fyrir almenning, s.s. á heimasíðu bæjarins.
- Unnið sé að fjölgun grenndargámastöðva í Mosfellsbæ.

Markmið

- Umgengni á byggingasvæðum verði bætt.

Leiðir að markmiðum/Verkefni

- Reglulega fari fram hreinsunarátak á byggingasvæðum til að tryggja góðan frágang og koma í veg fyrir slyshættu.

Markmið

- Umhverfi Mosfellsbæjar verði fallett og snyrtilegt.

Leiðir að markmiðum/Verkefni

- Reglulega fari fram hreinsunarátak í bænum þar sem opin svæði, stígar og götur eru hreinsuð, og íbúar eru hvattir til að hreinsa til í sínu nærumhverfi.
- Áfram verði veittar umhverfisviðurkenningar til einstaklingar, stofnana eða fyrirtækja í Mosfellsbæ, fyrir góðan árangur í umhverfismálum.



9. GRÆN INNKAUP

Almennt um málaflokkinn/yfirmarkmið/leiðarljós

Mosfellsbær vill auka aðgengi að vistvænum vörum og draga úr aukinni plastnotkun.

Markmið

- Aukin áhersla verði lögð á vistvænar vörur.

Leiðir að markmiðum/Verkefni

- Fræðsla um vistvæn innkaup verði gerð aðgengileg almenningi og íbúar hvattir til að huga að neyslustýringu.
- Fyrirtæki í Mosfellsbæ verði hvött til að bjóða vistvænar eða umhverfismerktar vörur og vörur framleiddar í heimabyggð.

Markmið

- Dregið verði úr notkun á plasti.

Leiðir að markmiðum/Verkefni

- Fyrirtæki í Mosfellsbæ verði hvött til þess að draga úr notkun á plastpokum í sinni starfsemi.
- Íbúar eru hvattir til þess að draga úr notkun á plastpokum og nýta í staðinn margnota poka til innkaupa.



10. NÁTTÚRUVERNÐ

Almennt um málaflokkinn/yfirmarkmið/leiðarljós

Mosfellsbær leggur áherslu á varðveislu óspilltrar náttúru, náttúruvernd og friðlýsingu verðmætra náttúrusvæða.

Markmið

- Lögð verði áhersla á vernd fallegrar og ósnortinar náttúru

Leiðir að markmiðum/Verkefni

- Áfram verði unnið að friðlýsingu náttúruvætta og gerð friðlýsingaráætlana í Mosfellsbæ.
- Lögð verði áhersla á verndun strandlengjunnar og leirunnar við Leiruvog.
-

Markmið

- Upplýsingar um friðlýst svæði verði aðgengileg almenningi.

Leiðir að markmiðum/Verkefni

- Upplýsingar um friðlýst svæði verði gerði aðgengileg almenningi í fræðsluefni, m.a. á heimasíðu bæjarins.

Markmið

- Treysta þarf mikilvægi Varmár sem mikilvægs útivistarsvæðis í byggð.

Leiðir að markmiðum/Verkefni

- Farið sé í varanlegar aðgerðir til að koma í veg fyrir bakkarof og til að tryggja aðgengi meðfram ánni.

